

Leikskólinn Álfheimar



RÝMINGARÁÆTLUN

Yfirfarin og endurbætt af stjórnendum Álfeima í nóvember 2020

Símanúmer:

Neyðarlínan.....112
Öryggismiðstöðin.....530-2400
Brunavarnir Árnassýslu.....480-0900

Í leikskólanum er viðurkennt brunaviðvörðunarkerfi, útljós (exit-ljós) og neyðarlýsing. Flóttaleiðir eru;

- Níu hurðir útá bílaplan,
- Sex útihurðir úti garð
- Neyðarútgangur á hverri deild úr aðalstofu. Gæta skal þess að útgönguleiðir við neyðarútganga séu aldrei tepptar s.s. með stólum, dýnum, dúkkuhúsi o.s.frv.

Stjórntafla brunakerfis er í forstofu við Álfasteins- og Dvergasteinsinngang.

Ein brunaslanga og eitt slökkvitæki er við alla innganga leikskólans.

Eldvarnarteppi er á vegg í eldhúsi.

Á hverri deild skal vera Babúpoki þar sem í er teppi, álteppi, buff, nafnalisti, grænt og rautt spjald.

Ávallt skal skrá fjölda barna jafnóðum á fjöldataölublaði.

Ef brunaviðvörðunarkerfið gefur viðvörðun skal unnið eftir eftirfarandi rýmingaáætlun.

1. Leikskólastjóri og staðgengill fara að stjórnstöflu brunaviðvörðunarkerfis og aðgæta hvaðan brunaboðið kemur og hvað brennur. Hafa síma við hendina. Brunabjalla er stöðvuð og sett af stað aftur ef það er eldur og ástæða til að rýma. Ef ekki er eldur sjá leikskólastjóri og staðgengill um að allar deildir séu látnar vita að ekki þurfi að rýma.
2. Starfsfólk á deildunum fer að undirbúa rýmingu. Það er að fara í röð við neyðarútganga.
3. Ef viðvörðunarkerfi fer aftur af stað skal hefja rýmingju tafarlaust.
4. Leikskólastjóri eða staðgengill hafa samband við neyðarlínu í síma **112** og tilkynna um eld eða gefa skýringar á brunaboðinu. Starfsfólk rýmir leikskólann og fer á söfnunarsvæði. Muna eftir Babúpoka og fjöldatölum.
 - a. Álfasteinn fer með börnin með börnin meðfram girðingu við Reynivelli og inn um stóra hliðið og er á flötinni milli dótaskúrs og Engis.
 - b. Dvergasteinn fer með börnin á flötina við rólur hjá kofa.
 - c. Óskasteinn fer með börnin á flötina sunnan við hólinn.
 - d. Mánasteinn fer út á Engi við Reynivelli
 - e. Huldusteinn fer út á Engi nær Vallaskóla.

Mikilvægt er að sá aðili sem síðastur fer út af deildinni, fari inn í öll herbergi og aðgæti hvort nokkurt barn sé eftir og loki öllum hurðum á eftir sér til að draga úr reyklæði um bygginguna og hindra útbreiðslu elds eins og hægt er.

Mikilvægt að allir hópar sjái hvor annan.

5. Þegar komið er á söfnunarsvæðin skal yfirfara nafnalista og aðgæta hvort öll börnin hafi komist út. Ef öll börn eru á söfnunarsvæðinu skal halda græna spjaldinu uppréttu. Ef einhvern vantar skal halda rauða spjaldinu uppréttu. Halda ró sinni varast að hrópa eða stökkva frá hópnum.
6. Leikskólastjóri eða staðgengill fer á milli hópa og fær upplýsingar um hve mörg börn hafa ekki skilað sér með hópnum út og ef mögulegt er hvar þau sáu síðast á deildinni.
7. Slökkvilið kemur á staðinn, leikskólastjórinn eða staðgengill gefur stjórnanda slökkviliðs upplýsingar um hve mörg börn hafa orðið eftir inni og hugsanlegar staðsetningar þeirra. (stjórnandi slökkviliðs ber rauðan eða hvítan hjálm)

8. Farið er með börn og starfsfólk af svæðinu t.d. í nærliggjandi byggingar ef mögulegt er. (Vallaskóli)

9. Deildarstjórar eða staðgenglar hringi í foreldra. Börnin sótt.

Ef jarðskjálfti ber að höndum.

1. Segja nemendum að fara undir borðin sín KRJÚPA þar, SKÝLA höfði og HALDA í borðföt. Bíða eftir að þeim sé sagt að þeir megi koma undan. (ef utandyra þá gildir það sama. KRJÚPA – SKÝLA – HALDA.
2. Fara sjálfur í dyraop, undir borð eða í horn þar sem veggir mætast, „KJRÚPA, SKÝLA OG HALDA” – velja stað sem getur sem besta yfirsýn yfir barnahópinn.
3. Tala róandi til nemendanna – með því að
 - segja þeim að skjálftin muni fljótlega ganga yfir
 - láta þá vita að foreldrar þeirra fá vitneskju um þá jafn skjótt og kostur er.

Einni mínútu eftir að síðast varð vart við skjálfta

1. Ganga úr skugga um að ekki stafi hætta af hruni eða af völdum laskaðra innanstokksmuna.
2. Aflétta varnarviðbrögðum.
3. Hlúa að og tilkynna um slasaða nemendur til leikskólastjóra eða staðgengils.
4. Gera manntal, tilkynna um þá nemendur sem kunna að hafa hlaupið út og gera ráðstafanir til að hafa upp á þeim.
5. Láta börnin börnin klæðast skóm og skjólfatnaði. Skjólföt hlýja og verja gegn áverkum.
6. Bíða fyrirmæla skólastjóra um hvort haldið skuli kyrru fyrir eða skólinn rýmdur. (Rýma þó án þess að bíða fyrirmæla ef augljóst þykir að fólki sé hætta búin af því að dvelja áfram í húsnaðinu – þetta þarf að meta með tilliti til veðurs).